

1945

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 241/1995.

Gissur Þ. Árnason og

Karl Sveinsson

(Árni Halldórsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Sigurðardóttur

(Sveinn Sveinsson hrl.)

Kærumál. Nauðasamningur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. júlí 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands, þar sem staðfestur var nauðasamningur varnaraðila og einkafirma hennar, Tómsundaiðjunnar, sem var samþykktur á fundi atkvæðismanna 3. maí 1995. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið og málinu heimvísað til löglegrar meðferðar“, auk málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Í ljósi þeirra málsástæðna, sem sóknaraðilar halda fram fyrir Hæstarétti, þykir verða að skilja kröfugerð þeirra á þann veg, að þeir krefjist annars vegar ómerkingar hins kærða úrskurðar og hins vegar, að kröfu varnaraðila um staðfestingu nauðasamnings verði hafnað.

Fyrir kröfu um ómerkingu hins kærða úrskurðar færa sóknaraðilar þau rök, að úrskurður, sem hafi gengið 3. mars 1995 um heimild varnaraðila til að leita nauðasamnings, hafi verið kveðinn upp af dómarafulltrúa við Héraðsdóm Austurlands. Virðast sóknaraðilar telja, að af þessari ástæðu og vegna dóms Hæstaréttar, upp kveðins 18. maí 1995, í máli nr. 103/1994 verði að ómerkja nauðasamningsumleitani varnaraðila í heild sinni ásamt hinum kærða úrskurði um staðfestingu nauðasamnings.

Í máli þessu er aðeins til endurskoðunar úrskurður Héraðsdóms Austurlands um staðfestingu nauðasamnings, en hann er kveðinn upp af héraðsdómaranum við þann dómstól. Koma því ekki hér til athugunar atriði varðandi starfsheimild dómarafulltrúa, sem kvað upp úrskurð á fyrri stigum um heimild varnaraðila til að leita nauðasamnings. Verður þess vegna ekki fallist á kröfu sóknaraðila um ómerkingu.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti til að fá breytt ákvæðum hans um málskostnað. Kemur því ekki til álita krafa varnaraðila um málskostnað í héraði, en dæma ber sóknaraðila sameiginlega til að greiða varnaraðila kærnumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Gissur P. Árnason og Karl Sveinsson, greiði varnaraðila, Guðrúnu Sigurðardóttur, 80.000 krónur í kærnumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 28. júní 1995.

I.

Ár 1995, miðvikudaginn 28. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem haldið er af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Ö-1/1995.

Sóknaraðili er Guðrún Sigurðardóttir, kt. 110346-2989, Laugavöllum 11, Egilsstöðum, persónulega og f. h. Tómsundaiðjunnar. Varnaraðilar eru Gissur P. Árnason, kt. 290948-7899, Fjósakambi 12, Hallormsstað, og Karl Sveinsson, kt. 090456-5479, Vörðubrún, Borgarfirði eystra.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 20. júní sl.

II.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að staðfestur verði nauðasamningur sóknaraðila og „varnaraðili verði úrskurðaður“ til að greiða málskostnað að skaðlausu, þ. m. t. 24,5% virðisaukaskatt samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Kröfur varnaraðila beggja eru, að hafnað verði að staðfesta nauðasamn-

ing sóknaraðila frá 3. maí sl. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

III.

Með úrskurði Héraðsdóms Austurlands, upp kveðnum 3. mars sl., var Guðrúnu Sigurðardóttur persónulega og f. h. einkafirma hennar, Tómsundaiðjunnar, heimilað að leita nauðasamninga. Hafði sóknaraðili áður eða allt frá 22. desember 1994 haft heimild til greiðslustöðvunar. Frumvarp að nauðasamningi skuldarans er svohljóðandi:

1. Lánardrottnum, sem fara með samningskröfur, er boðin greiðsla á 20% – tuttugu hundraðshlutum, – krafna sinna, en þó þannig, að lágmarks-greiðsla til hvers þeirra verður 15.000 kr. og kröfur til og með þeirri fjárhæð greiðast að fullu 1. 6. 1995.
2. Greiðslur munu fara fram með þremur jöfnum afborgunum, fyrsta sinn 1. júní nk., 1. okt. nk. og 2. febr. 1996. Greiðslurnar verða inntar af hendi með peningum hverju sinni.
3. Samhliða greiðslu afborgana samkvæmt 2. lið verða lánardrottnum greiddir meðalvextir banka og sparisjóða eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. júní nk. að telja.
4. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.
5. Lánardrottnum, sem þess æskja, er boðið að fá út gefið skuldabréf fyrir því, sem þeim ber samkvæmt þessu, en þeir greiði stimpilgjald sjálfir.
6. Engir kröfuhafar njóta sérstakra réttinda.

Hinn 5. maí sl. barst dóminum krafa skuldarans um staðfestingu nauðasamningsins, en á fundi, sem haldinn var 3. maí sl., hafði nauðasamningsumleitunum lokið með því, að frumvarp skuldarans var samþykkt. Með staðfestingarkröfu skuldarans fylgdu þau gögn, sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Þinghald 6. júní, sem boðað var til í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 21/1991, var sótt af hálfu Gissurar Þ. Árnasonar og Karls Sveinssonar, lánardrottna sóknaraðila, og lögð fram skrifleg mótmæli við því, að nauðasamningurinn yrði staðfestur. Var mál þetta þá þegar í stað þingfest og aðilum gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir og afla frekari gagna.

IV.

Sóknaraðili byggir á því, að öllum lagaskilyrðum sé fullnægt, til að staðfesta megi nauðasamning.

Varnaraðilar vísa til eftirfarandi atriða, sem svo er greint frá í skriflegum mótmælum þeirra:

Ekki verði séð af gögnum málsins, að greiðslufrestur hafi verið nýttur til raunhæfra aðgerða í fjármálum varnaraðila, aðeins nýttur til frestunar á því, sem koma skyldi, í stað þess að nýta tímann til vandaðs undirbúnings nauðasamnings.

Beiðni um nauðasamning og fylgiskjöllum hafi verið í ýmsu áfátt og ekki uppfyllt ýmis skilyrði gjaldþrotalaga, einkum:

A.1. Rökstuðning vanti fyrir því, að skuldari muni geta staðið við samningstilboð sitt, sbr. 1. tl. 1. mgr. 34. gr. Sá rökstuðningur hafi verið afar nauðsynlegur, þar sem ekki sé gert ráð fyrir tryggingum fyrir greiðslum.

2. Upptalning eigna skv. 3. tl. 1. mgr. sé ekki nákvæm og vörulager tilgreindur með sömu slumptölu og sett var fram með beiðni um greiðslustöðvun.

3. Ekki hafi verið getið um riftanlegar ráðstafanir, svo sem krafist er í 4. tl. 1. mgr. 34. gr., ekki einu sinni minnst á kaupmála sóknaraðila við eiginmann sinn frá 22. nóvember 1993.

B. Skilyrðum 2. mgr. 35. gr. hafi ekki verið fullnægt.

Varnaraðilar telja starfi umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum áfátt í eftirgreindum atriðum:

1. Svo virðist sem ekki hafi öllum kröfuhöfum verið send tilkynning skv. 2. mgr. 44. gr.

2. Með bréfum, sem send voru út skv. 2. mgr. 44. gr., hafi verið sent út umboð, væntanlega samið af umsjónarmanni, ætlað kröfuhöfum til að veita lögmanni skuldara umboð til að samþykkja frumvarpið. Ekki sé við hæfi, að umsjónarmaður gangi þannig fram í þágu skuldara.

3. Ekki verði séð af bréfi umsjónarmanns til Héraðsdóms Austurlands, dags. 4. maí 1995, að hann hafi nægilega gætt ákvæða 43. gr. laga nr. 21/1991, auk þess sem á skorti, að nægilega sé gerð grein fyrir því, sem umsjónarmaður aðhafðist í þessum efnum, svo og forsendur fyrir mati á því, að sóknaraðili eigi tök á því að standa við nauðasamning sinn.

Sóknaraðili hefur andmælt málatilbúnaði varnaraðila. Hefur m. a. komið fram af hálfu sóknaraðila, að Héraðsdómur Austurlands hafi með úrskurði sínum frá 3. mars sl. endanlega metið rökstuðning fyrir, hvort skuldari muni standa við samningstilboð sitt, nákvæmni varðandi talningu eigna sóknaraðila og riftanlegar ráðstafanir, eins og komist er að orði í greinargerð sóknaraðila. Berum orðum sé sagt í nefndum úrskurði, að skuldari hafi lagt fram þau gögn, sem áskilin eru í 35. gr. laga nr. 21/1991. Úrskurðurinn sé bindandi um sakarefnið fyrir aðila máls þessa. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa sótt fund þann, sem réð úrslitum um atkvæðagreiðslu um nauðasamningsfrumvarp skuldara, og hafi hann engum mótmælum hreyft þar, en gert almennan fyrirvara um mótmæli síðar meir.

Sóknaraðili telur, að sýnt hafi verið fram á með fram lögðum gögnum, að mótmæli varnaraðila, byggð á því, að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum hafi ekki gætt ákvæða 2. mgr. 44. gr. laga nr. 21/1991, eigi ekki við rök að styðjast.

Varðandi rök um, að ekki sé við hæfi að senda út umboð með bréfum skv. 2. mgr. 44. gr., kveður sóknaraðili, að tíðkast hafi í málum sem þessum að hafa þennan hátt á til tímasparnaðar og hagræðis fyrir kröfuhafa. Ekki hafi nein tilmæli um, hvernig greiða ætti atkvæði, fylgt umboðinu. Þá kveður sóknaraðili, að þessi röksemd varnaraðila sé ekki meðal þeirra atriða, sem getið er í 58. gr. gjaldþrotalaga, og af þeirri ástæðu beri að hafna þessum rökum varnaraðila, enda verði ekki höfð uppi önnur mótmæli við staðfestingu nauðasamnings en þar komi fram. Sóknaraðili hefur mótmælt rökum um, að umsjónarmaðurinn hafi ekki kynnt sér fjárhag sóknaraðila, og að auki vísað til þess, að enn sé um að ræða atriði, sem ekki sé getið í nefndri 58. gr.

V.

Varnaraðilar hafa ekki lagt fram nein gögn önnur en skrifleg mótmæli sín og ljósrít af nefndum kaupmála. Með gögnum máls þessa eru öll þau skjöl, sem lögð voru fram, þegar tekin var fyrir beiðni skuldara um heimild til nauðasamningsumleitana, þ. á m. ársreikningur vegna ársins 1993 og síðustu skattframtöl sóknaraðila. Með beiðni um staðfestingu nauðasamningsins lagði sóknaraðili fram þau gögn, sem áskilið er í 2. mgr. 54. laga nr. 21/1991. Við rekstur ágreiningsmáls þessa hefur sóknaraðili enn fremur lagt fram afrit af dreifibréfi umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum ásamt ljósríti úr póstkvittunarbók umsjónarmanns og ljósrít úr bankabók á nafni sóknaraðila, sem sýnir, að innstæða er 1.502.600 kr. Sóknaraðili kveður, að þeirri fjárhæð eigi að ráðstafa til greiðslna upp í nauðasamninginn.

VI.

Ekki verður fallist á þau rök sóknaraðila, að með úrskurði dómsins, upp kveðnum 3. mars sl., hafi endanlega og með bindandi hætti verið skorið úr um, hvort líkur séu til, að skuldari muni standa við samningstilboð sitt, hvort á hafi skort, að eignir sóknaraðila væru nákvæmlega upp taldar, og hvort gerð hefði verið grein fyrir riftanlegum ráðstöfunum. Í 1. tl. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 21/1991 er kveðið á um, að héraðsdómari skuli hafna kröfu um staðfestingu nauðasamnings, hefði átt að synja um heimild til umleitana í öndverðu. Nefnt lagaákvæði gerir því beinlínis ráð fyrir því, að málið sé skoðað í heild sinni að nýju.

Taka má undir sjónarmið um, að ekki hafi verið færð ýtarleg rök fyrir því í beiðni um heimild til nauðasamningsumleitana, að sóknaraðili gæti staðið

við samningstilboð sitt. Vísað var þó til glöggs ársreiknings sóknaraðila fyrir árið 1993, sem bar með sér, að hagnaður hefði verið af reglulegri starfsemi sóknaraðila, auk tilvísunar til annarra gagna málsins, m. a. lista yfir eignastöðu miðað við frestdag. Þegar þessi gögn eru virt og þau gögn, sem áður er rakið, að lögð hafa verið fram við meðferð máls þessa, verður ekki talið, að hafna hefði átt í öndverðu að veita sóknaraðila heimild til nauðasamningsumleitana. Þá er það lagt á þá aðila, er mótmæla staðfestingu nauðasamnings, að sýna fram á, að verulegar líkur séu til, að skuldari muni ekki standa í skilum, þótt nauðasamningur verði staðfestur, sbr. 6. tl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 21/1991. Það hefur ekki verið gert í máli þessu.

Ekki verður fallist á með varnaraðilum, að sóknaraðili hafi ekki gert nákvæma grein fyrir eignum sínum í upphafi máls þessa. Fyrir lá ársreikningur sóknaraðila og yfirlýsing löggilts endurskoðanda um, að sóknaraðili hefði fært bækur sínar skv. lögum. Mat sóknaraðila á verðmæti birgða sinna var 3.000.000 kr. lægra en bókfært verð í ársreikningi 1993, og ekki hefur verið sýnt fram á, að sá munur hafi verið óeðlilegur.

Rétt er, að sóknaraðili nefndi ekki grein (sic) kaupmála í beiðni sinni um heimild til nauðasamnings, en í þinghaldi 2. mars gerði sóknaraðili hins vegar grein fyrir kaupmálanum. Jafnframt kom fram sú afstaða sóknaraðila, að ekki fælist í honum gjöf í skilningi riftunarreglna gjaldþrotalaga, því að eignir þær, sem yfirfærðar hafi verið með kaupmálanum, hafi verið yfirveðsettar. Telja verður, að nægilega hafi verið gerð grein fyrir nefndum kaupmála, og allir lánardrottmar hafa átt þess kost að kynna sér efni hans.

Af gögnum málsins er sýnt, að skilyrðum 2. mgr. 35. gr. laga nr. 21/1991 var fullnægt, þegar beiðni skuldara um nauðasamning barst dóminum 28. febrúar 1995.

Sóknaraðili hefur lagt fram gögn, er staðfesta, að 2. mgr. 44. gr. laga nr. 21/1991 var fullnægt af umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum.

Þótt deila megi um, hversu heppilegt er, að umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum sendi út umboð, stílað á lögmann sóknaraðila, einungis ætlað þeim, er samþykkja vildu samninginn, þykja ekki efni til að hafna kröfu um staðfestingu nauðasamningsins af þessum sökum, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að reynt hafi verið að hafa áhrif á kröfuhafa með þeim hætti, sem getur í 2. tl. 1. mgr. 57. gr. eða 3. tl. 58. gr. laga nr. 21/1991.

Aðrar röksemdir varnaraðila eiga sér ekki stoð í 57. eða 58. gr. laga nr. 21/1991, og verður því ekki tekið tillit til þeirra við úrlausn máls þessa.

Á fundi með kröfuhöfum 3. maí sl. var frumvarp skuldarans samþykkt af 88,19% miðað við kröfufjárhæðir og 80,95% miðað við fjölda kröfuhafa.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja, að ekkert standi í

vegi fyrir því, að staðfestur verði nauðasamningur sóknaraðila við lánardrottna sína.

Rétt þykir, að hver aðili fyrir sig beri sinn kostnað af málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfestur er svofelldur nauðasamningur sóknaraðila, Guðrúnar Sigurðardóttur, persónulega og f. h. Tómsundaiðjunnar:

1. Lánardrottnum, sem fara með samningskröfur, er boðin greiðsla á 20%, – tuttugu hundraðshlutum, – krafna sinna, en þó þannig, að lágmarksgreiðsla til hvers þeirra verður 15.000 kr. og kröfur til og með þeirri fjárhæð greiðast að fullu 1. 6. 1995.
2. Greiðslur munu fara fram með þremur jöfnum afborgunum, fyrsta sinn 1. júní nk., 1. okt. nk. og 2. febr. 1996. Greiðslurnar verða inntar af hendi með peningum hverju sinni.
3. Samhliða greiðslu afborgana samkvæmt 2. lið verða lánardrottnum greiddir meðalvextir banka og sparisjóða eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. júní nk. að telja.
4. Trygging verður ekki veitt fyrir greiðslum samkvæmt framangreindu.
5. Lánardrottnum, sem þess æskja, er boðið að fá út gefið skulda-bréf fyrir því, sem þeim ber samkvæmt þessu, en þeir greiði stimpilgjald sjálfir.
6. Engir kröfuhafar njóta sérstakra réttinda.

Málskostnaður fellur niður.